

# Skólastefna Hrunamannahrepps

## Hlutverk og framtíðarsýn skóla Hrunamannahrepps:

Hlutverk skólanna er að veita nemendum alhliða menntun og hvetja þá til náms í samræmi við þroska þeirra og áhuga. Stuðla að öryggi og vellíðan nemenda í skólunum þar sem borin er virðing fyrir hverjum og einum.

Skólar Hrunamannahrepps þróist og taki stöðugum framförum og stuðli að góðu samstarfi við heimilin með það að markmiði að tryggja farsælt skólastarf, almenna velferð og öryggi nemenda.

Að skólarnir hafi á að skipa hæfu og metnaðarfullu starfsfólki þar sem unnið er í samræmi við lög og reglugerðir sem í gildi eru hverju sinni.

## Stefna:

**Aðbúnaður og umhverfi.** *Stefnt er að því:*

- ✓ að skólarnir verði áfram lifandi samfélag sem fylgja breytingum í þróun samfélagsins og hafa til grundvallar markmið aðalnámskráa og virðingu fyrir einstaklingnum.
- ✓ að bjóða upp á næringarríka og holla fæðu sem uppfyllir kröfur Lýðheilsustöðvar.
- ✓ að efla samheldni innan skólans og tengsl við samfélagið og umhverfið. Að nýta menningarleg og atvinnutengd einkenni samfélagsins inn í skólastarfið.
- ✓ að aukinn verði skilningur á samábyrgð okkar á samskiptum mannsins við umhverfi sitt og innbyrðis milli manna og samfélaga.
- ✓ að allt athafnasvæði skólanna, húsnæði og umhverfi, uppfylli þær kröfur sem gerðar eru með tilliti til þarfa og laga.

**Nám og kennsla.** *Stefnt er að því:*

- ✓ að kennsluáferðir verði heildstæðar, fjölbreyttar og byggja m.a. á því sem umhverfið og samfélagið hefur upp á að bjóða. Áfram verði unnin þróunarverkefni í skólunum svo sem með útikennslu og grenndarskóg og þannig byggð upp þekking á ákveðnum sviðum eftir verkefnum hverju sinni.
- ✓ að ná markmiðum aðalnámskráa og nýta fjölbreyttar leiðir til þess.
- ✓ að vekja nemendur til umhugsunar um sameiginlega ábyrgð á náttúru og umgengni við landið svo það verði eðlilegur þáttur í menningu og daglegu lífi þeirra.
- ✓ að efla nemendur í að gera kröfur til sín í námi og samskiptum og að vanda til verka.

**Nemendur.** *Stefnt er að því:*

- ✓ að efla nemendur í að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, umhverfi, eigum sínum og annarra.
- ✓ að öryggi nemenda verði ávallt tryggt hvort heldur sem er í skóla, á skólalóð eða í skólaakstri og stuðla að almennri vellíðan.
- ✓ að nemendur fái kennslu í samræmi við þroska og getu hvers og eins. Að þeir séu hvattir og örvaðir til að taka ábyrgð á eigin námi.
- ✓ að nemendum sé auðveldað og þeir hvattir til að stunda tómstundir og félagsstarf bæði innan og utan skólans.

**Starfsmenn.** *Stefnt er að því:*

- ✓ að skólarnir séu eftirsóttir vinnustaðir sem hafa gæði starfsins að leiðarljósi. Með sameiginlegri endurmenntunar- og símenntunaráætlun, sem verði endurskoðuð reglulega, fái starfsmenn tækifæri til að auka þekkingu sína og hæfileika til starfs.
- ✓ að skólar sveitarfélagsins leitist við að kynna sér nýjungar í skólastarfi, kennsluháttum og þróun mála innan menntastofnana.
- ✓ að efla starfsmenn í að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, umhverfi, eigum sínum og annarra og stuðla að almennri vellíðan á vinnustað.

**Heimili/foreldrar.** *Stefnt er að því:*

- ✓ að efla upplýsingaflæði og samstarf milli heimila og skóla þannig að foreldrar fái tækifæri til að fylgjast með skipulagi og áherslum náms.
- ✓ að viðhalda og þróa upplýsingagjöf á vef skólanna og nýta tæknina til að upplýsingar skili sér milli heimila og skóla. Koma þarf til móts við þá sem ekki nýta sér tölvutæknina til fulls.
- ✓ að auka þátttöku nemenda og aðstandenda þeirra í öllu mati tengdu skólastarfi.

**Samstarf skólanna.** *Stefnt er að því:*

- ✓ að samstarf og samþætting milli skólastiga þróist í takt við kröfur og að samstarf við aðrar stofnanir og félagasamtök verði eflt.
- ✓ að skólar stuðli að tómstundastarfi nemenda sinna í samstarfi og með aðkomu félagasamtaka á svæðinu og með því að nýta mannauð samfélagsins.

## **Markmiðasetning og framkvæmd:**

Fræðslunefnd Hrunamannahrepps ber ábyrgð á stefnumótun sveitarfélagsins í skólamálum og fær til liðs við sig fulltrúa frá skólunum og heimilum.

*Samþykkt af Fræðslunefnd þann 27. apríl 2009.  
og samþykkt í sveitarstjórn Hrunamannahrepps þann .....*